

130. löggjafarþing 2003–2004.  
Þskj. 1573 — 831. mál.

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur og Byndísar Hlöðversdóttur um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um starfsfólk með fjölskyldu-ábyrgð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað hefur verið gert til að skapa skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981, eins og kveðið er á um í þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?*

Utanríkisráðherra lagði fram á 125. löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samhliða lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskyldu-ábyrgðar starfsmanna. Samþykktin var formlega fullgilt 22. júní 2000 fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.